

REGLUR

um hönnunarsjóð.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk hönnunarsjóðs er að efla þekkingu og atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi og ráðgjöf. Einnig að styrkja kynningar- og markaðsstarf erlendis sem stuðlar að útflutningi á íslenskri hönnun.

2. gr.

Tekjur.

Hönnunarsjóður heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og eru tekjur hans:

- Árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum.
- Aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

Kostnaður.

Kostnaður af starfrækslu hönnunarsjóðs greiðist af tekjum sjóðsins, sbr. 2. gr.

4. gr.

Stjórn.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti tilnefnir einn fulltrúa, stjórn Hönnunarmiðstöðvar Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og einn er skipaður án tilnefningar og er hann formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varaformaður skal skipaður úr hópi stjórnarmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn hönnunarsjóðs lengur en tvö samfelld starfstímabil.

5. gr.

Úthlutun.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga, félaga, stofnana og fyrirtækja. Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári á grundvelli úthlutunarreglna sem mennta- og menningarmálaráðherra samþykkir. Umsóknir skulu gerðar á eyðublöð sjóðsins. Styrkþegar skulu gera grein fyrir ráðstöfun styrkfjárins innan þriggja mánaða frá því verkefni lýkur. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að tiltekin verkefni hafi forgang við úthlutun styrkja enda sé þess getið í auglýsingum.

Við mat á umsóknum er stjórninni heimilt að leita umsagnar fagaðila.

6. gr.

Styrktarverkefni.

Heimilt er að veita þróunar- og rannsóknarstyrki, verkefnastyrki, markaðs- og kynningarstyrki og ferðastyrki svo og til annarra verkefna sem tilgreind eru í úthlutunarreglum, sbr. 5. gr.

7. gr.

Gildistími.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 13. febrúar 2013.

Katrín Jakobsdóttir

Ásta Magnúsdóttir